

**Ed.**

**383. Nefndarálit**

[15. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er samið af hegningarlaganefnd, sem vinnur að endurskoðun á ýmsum þáttum hegningarlaganna.

Að meginefni til felur frumvarpið í sér aukið svigrúm til að beita svokallaðri reynslulausn.

Í fyrsta lagi er heimilað í 1. mgr. 1. gr. að beita reynslulausn eftir að fangi hefur tekið út  $\frac{2}{3}$  hluta refsingar, en þó ekki fyrr en afplánaðir hafa verið 4 mánuðir af refsitíma. Er það stytting úr 8 mánuðum, sbr. núgildandi lög.

Á þeim tíma, sem liðinn er síðan frv. þetta var samið, hefur finnska ríkisþingið samþykkt að stytta nefndan refsitíma í 3 mánuði, og hefur norræna refsilaganefndin, svo og íslenska hegningarlaganefndin lýst sig sammála að það spor sé stigið í annarri norrænni refsilöggjöf.

Í öðru lagi er lagt til í 2. mgr. 1. gr., að heimilað verði að veita reynslulausn þegar fangi hefur tekið út helming refsitímans, ef sérstaklega stendur á, en í gildandi lögum er ávallt áskilið, að fangi hafi tekið  $\frac{2}{3}$  hluta refsitímans.

Vegna þeirra ástæðna, sem nú eru í gildi, og dómafordæma er nefndinni tjáð að dómara á Íslandi hafi haft lítið svigrúm til að dæma skilorðsbundið og taka tillit til félagslegra aðstæðna sakborninga. Þess vegna hefur þurft að grípa til náðana í mjög ríkum mæli, og hafa þær reynst mun tíðari hér á landi en annars staðar þekkist. Að þessu leyti er frumvarpið viðurkenning á staðreyndum og samræming á norrænni refsilöggjöf.

Allsherjarnefnd leggur til að farið verði að fordæmi finnska ríkisþingsins og afplánunartími, sbr. 1. mgr. 1. gr., verði styttr úr 4 mánuðum í 3.

Þá er í frumvarpinu ákvæði um breytingu á 232. gr. laganna, þar sem refsing er hert, ef maður raskar friði annars manns með því að ásækja hann, ofsækja með bréfum, símahringingum o. s. frv. Er talin þörf á að herða refsilöggjöf vegna slíks hátternis.

Lagadeild Háskóla Íslands, Lögmannafélag Íslands, og Lögfræðingafélag Íslands hafa mælt með samþykkt þessa frumvarps.

**BREYTINGARTILLAGA :**

Við 1. gr. 1. mgr. Í stað orðanna „4 mánuði“ komi: 3 mánuði.

Alþingi, 24. febr. 1976.

Ellert B. Schram,  
form., frsm.

Sighv. Björgvinsson.

Friðjón Þórðarson.

Svava Jakobsdóttir.

Ingólfur Jónsson.